

Sp.

237. Þingsályktun

um sérstaka talsimþjónustu í verstöðvum landsins vegna slysavarna.

(Afgreidd frá Sp. 10. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til umbóta frá því, sem nú er, á slysavarnaþjónustunni með þeim hætti, er hér greinir:

1. Að aukin verði og bætt hlustvarzla við talstöðvar á landi á hentugum stöðum, þar sem þörfin er mest.
2. Að gætt sé fyllsta öryggis í talstöðvaumbúnaði í varðskipum og björgunar- og gæzlubátum og þar sé starfrækt stöðug hlustvarzla.
3. Að brýnt sé fyrir og leitað samstarfs við útgerðarmenn og skipshafnir báta og skipa, er talstöðvar hafa, um að hlustað sé í talstöðvar bátanna, þegar þeir eru í rúmsjó, eftir því sem frekast verður við komið, og að lögð sé sérstök áherzla á, að hlustað sé að staðaldri í vondum veðrum.

Auk þess er þess vænt, að ríkisstjórnin láti þá aðila, er falið hefur verið að gera tillögur um heildarkerfi fyrir radiovita og miðunarstöðvar, einnig framkvæma hliðstæða athugun á því, hvernig slysavarnaþjónustunni verði að þessu leyti bezt fyrir komið, og leiti þessir aðilar álit og tillagna Slysavarnafélagsins, Farmanna- og fiskimannasambandsins og Alþýðusambandsins um málið.